

**Nd.**

## **261. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 10 4. apríl 1939, um gengisskráningu og ráðstafanir í því sambandi.

(Lagt fyrir Alþingi 1939.)

1. gr.

Aftan við 1. gr. laga nr. 10 4. apríl 1939 komi ný málsgrein, svo hljóðandi:  
Ef gengi sterlingspunds gagnvart dollar breytist, þannig að færri dollarar verði í sterlingspundi en 4.15, skal sölugengi erlends gjaldeyris þó ákveðast þannig, að sölugengi dollars verði kr.  $\frac{27.00}{4.15}$  og annars erlends gjaldeyris í samræmi við það.

2. gr.

Aftan við 3. gr. sömu laga komi ný málsgrein, svo hljóðandi:  
Heimilt er þó, með samþykki ríkisstjórnarinnar, að greiða sjómönnum á ófriðartímum sérstaka stríðsáhættuþóknun og kaupa handa þeim sérstaka stríðstryggingu.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

### **G r e i n a r g e r ð.**

Frumvarp þetta er að efni til samhljóða bráðabirgðalögum, sem gefin voru út 18. sept. s.l. og hér með fylgja.

### **Fylgiskjal.**

**Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 10 4. apríl 1939, um gengisskráningu og ráðstafanir í því sambandi.**

**Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,**

**G j ö r u m k u n n u g t:** Viðskiptamálaráðherra Vor hefir tjáð Oss, að vegna ófriðarins í Norðurálfu, sem nú geisar, hafi viðhorfið breytt mjög frá því, er var þegar lög nr. 10 4. apríl 1939 voru sett, og þykir því eigi rétt að ákveða nú sölugengi erlends gjaldeyris á þann hátt, sem gert er í 1. gr. þeirra laga. Ennfremur, að nú þykir ástæða til, sökum hins óvenjulega ástands, að heimila að greiða sjómönnum sérstaka stríðsáhættuþóknun og kaupa handa þeim sérstaka stríðstryggingu, þrátt fyrir bannið í 3. gr. sömu laga. - - Með því að svo er ástatt, sem að framan segir, teljum Vér brýna nauðsyn bera til þess að setja bráðabirgðalög um þetta efni samkvæmt 23. grein stjórnarskrárinnar.

Fyrir því bjóðum Vér og skipum þannig:

1. gr.

Aftan við 1. gr. laga nr. 10 4. apríl 1939 komi ný málsgrein, svo hljóðandi:  
Ef gengi sterlingspunds gagnvart dollar breytist, þannig að færri dollarar verði í sterlingspundi en 4.15, skal sölugengi erlends gjaldeyris þó ákveðast þannig, að sölugengi dollars verði kr.  $\frac{27.00}{4.15}$  og annars erlends gjaldeyris í samræmi við það.

2. gr.

Aftan við 3. gr. sömu laga komi ný málsgrein, svo hljóðandi:  
Heimilt er þó, með samþykki ríkisstjórnarinnar, að greiða sjómönnum á ófriðartímum sérstaka stríðsáhættuþóknun og kaupa handa þeim sérstaka stríðstryggingu.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Sorgenfrihöll, 18. september 1939.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**  
(L. S.)

*Eysteinn Jónsson.*